


# MONITOR



**FRÍTT  
EINTAK**

**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ**

# HLAUGHTU ALDREI Á TÓMUM TANKI ▶



▶ Án BPA (bisfenóls A)



▶ VATN SÉR LÍKAMANUM FYRIR  
NAUÐSYNLEGRI NÆRINGU  
– HLAUGHTU ALDREI ÁN ÞESS

## PODIUM® HLAUPABELTIÐ

Fáðu sem mest út úr hverjum kílómetra. Nýja Podium® hlaupabeltið sér þér fyrir vökva hvenær sem er og gefur þér kraft til að standa við æfingaáætlunina. Smelltu bara á beltið þeim brúsum sem þú þarft og sprettu svo úr spori.

VEL BÚIN VATNI Í BAK™ OG FYRIR

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á [CAMELBAK.COM/IN-PODIUMARCBELT](https://www.camelbak.com/in-podiumarcbelt)

**CAMELBAK®**  
GOT YOUR BAK

Skyldi **Una Stef** una STEF?



## MÆLIR MEÐ...

### FYRIR KVIKMYNDAÁHUGAFÓLK

Nú stýttist í tíundu **RIFF-hátíðina** sem haldin verður dagana 26. september til 6. október og verður dagskráin sérlega glæsileg á þessu afmælisári. Tólf myndir nýrra leikstjóra keppa um Gyllta lundann, stórglæsilegt úrval verður af nýlegum verðlaunamyndum og eins verður í boði fjöldinn allur af heimildarmyndum. Miðasalan er þegar hafin á riff.is og því upplagt fyrir kvikmyndaáhugafólk að tryggja sér miða sem fyrst og byrja upphitun fyrir herlegheitin.



### FYRIR FATAÓÐA

Næsta laugardag, 17. ágúst, mun Ungmennaráð UN Women standa fyrir **fatamarkaði** á Kaffibarnum til að styrkja starf sitt og vekja athygli á málstaðnum. Markaðurinn byrjar kl. 15:00 og stendur til kl. 18:00. Hægt er að gera kostakaup fyrir skólann og styðja gott málefni í leiðinni.



## VIKAN Á FACEBOOK



**Ásgeir Börkur Ásgeirsson**  
Var gestur í fótbolta-skóla Fylkis í morgun. Krakkarnir fengu

að spyrja mig spurninga áður en átökin hófust og hljómaði sú fyrsta einhvern veginn svona... "hvað er langt síðan þú rakaðir þig?" 13. ágúst kl. 12:21



**Steindór Grétar Jónsson**  
Hugmynd: Lengja opnunartíma skemmtistaða

svo að túristar geti djammað alla nóttina. Hótel óþörf. 12. ágúst kl. 17:42



**Saga Garðarsdóttir**  
Að gefnu tilefni vil ég taka það fram að ég var ekki litill gris í

fyrra lífi. 9. ágúst kl. 12:28



**Atli Fannar Bjarkason**  
Mér finnst allir vera að rekast á Evu Mendes nema ég.

Týpískt að hún sé að forðast mig. 9. ágúst kl. 12:28



**Ævin-Dýri Kristjánsson**  
Ef ég fengi 10kr fyrir hvert sinn sem sagt er við mig "hey, gerðu

heljarstökk" þá væri ég ríkur maður. 10. ágúst kl. 18:17

[www.facebook.com/monitorbladi](http://www.facebook.com/monitorbladi)

## UNA STEFÁNSDÓTTIR

**Fyrstu sex:** 040191.  
**Uppáhaldshljómsveit:** Bitlarnir.  
**Uppáhaldssöngkona:** Beyoncé.  
**Uppáhaldshljóðfæri:** Planó.  
**Lag á heilanum þessa stundina:** Next to Me með Emily Sandé.



# Klassíkin var uppreisn

Söngkonan unga **Una Stefánsdóttir** sendi nýlega frá sér lagið *Breathe*.

„Textinn er mikil áminning um það að stundum þarf maður að staldra við og anda. Það er nefnilega svo auðvelt að tynast í geðveiki hversdagsleikans,“ segir Una Stefánsdóttir sem nýlega sendi frá sér sína fyrstu smáskífu, lagið *Breathe*. „Þegar ég samdi lagið, fyrir tveimur árum, var ég alveg buguð af lífinu því það var svo mikið að gera og maður hafði engan tíma fyrir sjálfan sig og þess þó heldur fyrir listina. Lagið er því eins konar mantra fyrir mér,“ bætir Una við. Lagið er það fyrsta af plötu sem nú er í bigerð en sá gripur mun innihalda frumsamin lög og texta eftir Unu. „Þetta er eiginlega inngangurinn af því sem koma skal. Hin lögina á plötunni eru meira út í RnB, soul og jafnvel fönk,“ segir hún.

Una kemur úr mikilli tónlistarfjölskyldu en faðir hennar er djassastítt og saxófónleikari Stefán S. Stefánsson sem samdi lagið ódauðlega Disco Frisco. „Ég kunni aldrei barnalög, ég kunni bara djass enda alin upp við John Coltrane og Miles Davis,“ segir Una. Hún hefur því lengi

fengist við tónlist og sungið nánast allt sitt líf en það var þó ekki fyrr en á unglingsárunum að hún fór að læra söng. „Ég byrjaði í klassíku söngnámi. Það var eiginlega mín leið til að gera uppreisn sem unglingur. Ég fór ekki að drekka og dópa heldur fór ég í klassískt nám því allir voru í djassi í fjölskyldunni minni,“ segir Una og hlær.

Á grunnskólaárum sínum hlustaði Una mikið á Stevie Wonder og Mariuh Carey og segir hún að ósjálfrátt megi finna áhrif frá þeim í söngnum. „Ég spila líka sjálf á pianó og syng með svo það hefur komið fyrir að fólk líki mér við Aliciu Keys,“ segir hún og viðurkennir að það sé jákvæð samlíking. „Hraðari lögina mín eru svo aftur á móti einhvers konar „Beyoncé-tribute“ enda er hún í miklu upphaldi. Platan mun því innihalda svona lög í anda sterkra, sjálfstæðra, afrísk-amerískra kvenna sem kannski meikar lítinn sens þegar maður er bláeygur Íslendingur,“ segir Una að lokum og hlær.

## ÞÁ MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

# Dagur um kvöld

**S**tundum er það algjör snilld að fara í búðina en stundum getur það líka verið ógeðslega leiðinlegt. Stundum kaupir maður geðveikt mikið og þá kostar það bara mánaðarlaunin en stundum kaupir maður fáránlega lítið og getur borgað með tóküllum.

**S**tundum fer maður ótrúlega svangur í búðina og kaupir eitthvert dæmi sem mann langar ekkert í eftir kvöldmat en stundum er maður nýbúinn að borða og endar bara á því að kaupa kerti. Stundum er maður vel til hafður og til í tuskið en stundum skýst maður í hangsgallanum og læðist með veggjum.

**S**tundum nennir maður að staldra við og spjalla við fólk sem maður hefur ekki séð í áraraðir en stundum bregður maður sér í rekka sem maður hefur aldrei farið í bara til þess að forðast óþarfa spjall við einhver sem maður þekkir afskaplega takmarkað.

**Þ**að er samt eitt sem ruglar mig alltaf jafn mikið í ríminu, sama hvernig ég er upplagður. Ég legg mikið upp úr því að vera

almennilegur við starfsfólkið á búðarkössunum en ég fer samt alveg í hnút þegar þau eru ekki með tíma dagsins á hreinu. „Góðan daginn,“ segja þau stundum þegar það er alveg dimmt úti og klukkan kannski orðin níu að kvöldi til. Röddin inni í mér öskrar á mig að segja „góða kvöldið“ en ég nenni ekki að vera gæinn sem leiðréttr viðkomandi því þá er eins og ég telji mig eitthvað æðri. Þess vegna tapa ég alltaf orrustunni því ég enda á því að segja skrækum rómi: „Halló“.

**É**g set kortið í posann, stimpla inn þinnið sem ég lagði á minnið, raða vörum öllum í poka en skil yfirleitt sjálfsvirðinguna eftir í innkaupakörfunni. En stundum er bara allt í lagi að vera ekki töff.

Okei, leiter hómís, Jossi Joss át...



## BLAÐIÐ Í TÖLUM

**100** tónleika hafa OMAM haldið á þessu ári

**61** milljón dollara kostaði gerð 2 Guns hans Balta

**3** sinnum áður hefur Gæran verið haldin á Sauðárkróki

**150** sinnum fór Hugleikur í bíó á einu ári

**MONITOR@MONITOR.IS** Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnars-son (hilmar@monitor.is) **Bláðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lisa Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýs- ingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Styrmir Kári (styrmirkari@mbl.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136



@thorunnantonia My hot new boytoy Lois from One Direction if you ask @superylfa its the Only direction #onedirection #loisonedirection



@unistefson KOOL #retrostefson #lanzarote



@ofmonstersandmen 100th show of 2013!!! Flow Festival -- Thank you for being a great crowd and celebrating with us! x Monsters



# #monitormynd

Sérð þú lífið í filter? Monitor líka! Farðu úr bænum hvað Raggi er hávaxinn og sigldu á sænum hvað Hauxi tekur sig vel út í veiðinni. Það er alltaf líf og fjör á Insta.

### Ert þú í Instahring Monitor?

Merktu þína mynd með **#monitormynd** og vertu með í gleðinni. Myndirnar birtast sjálfkrafa **monitor.is** auk þess sem sniðugir Instagrammarar geta nælt sér í glaðning því í hverri viku útnefnum við **Monitormynd vikunnar**.



@vigdismaack Fyrsti dagur í húsmæðraskóla Melkorku Pitt og Saga er fallin. #ungmennaráðgjóðleikhússins



@oghvad\_ Geðveikur dagur í dag #snowboarding #surfing #motorcross #fjórhlól #lazy-ski #boataction #whillys #jeep #ströndin #sól og #bluebird #homies #oghvad #episode10



@kaarenlind #gayforaday #gaypride #equalrights Flugfreyjan & flugvirkinn snaröfug



@haukurhardar Raggi Nat. og Logi Gunnars. eru klárir í slaginn fyrir stórléikinn í Höllinni í kvöld! (Ég er 1.84 samkvæmt vegabréfi)



@hauxi Fyrsta laxveiðin. Toppurinn á tilverunni. #langá #mariulax #ogpremurbetur #uggi #öfuggi #takkkjartan



@bjornsverris Takk fyrir kveðjurnar. Ánægður með að vera búinn að skrifa undir hjá Viking FK. Og um leið ánægður að klára tímabilið með FH og kveðja vonandi með titli.

# NÝR VEFUR Í LOFTIÐ



## FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÆLIR MEÐ

því að smella sér inn á nýja vefinn okkar. Hann var að fara í loftið og við erum alveg í skýjunum með hann. Af þessu tilefni erum við með bráðsmellin tilboð á skemmtiferðum suður á bóginn, norður eftir, vestur á firði eða austur á land. Komdu um borð á [flugfelag.is](http://flugfelag.is)



## NÚ Á NETINU

### 01. FLUGSLÁTTUR

= AFSLÁTTUR AF FLUGI

Flugsláttur er afsláttarkóði sem stundum fylgir kynningar-efni Flugfélags Íslands. Með því að skrá Flugslátt við bókun á flugi á netinu færðu umsvifalaust afslátt. Flugsláttur færir niður verðið og þú sparar. Fylgstu vel með Flugslættinum í auglýsingum okkar.

*Flugslátturinn*  
Gefur þér afslátt  
á [flugfelag.is](http://flugfelag.is)

### 02. KAUPTU GJAFABRÉF

Láttu það ekki vefjast fyrir þér að kaupa gjöfina. Þú finnur pakka fulla af ævintýrum og ferðafrelsi í gjafabréfum frá okkur. Nokkrir smellir á netinu og allir glaðir.



### 03. ENN FLEIRI SÆTI Á NETVERÐI

Viltu sæti, sæti? Nú eru enn fleiri sæti á netverði. Nú er bara að sæta lagi og stökva á næsta nettilboð. Þú mátt velja milli sæta, sæta.



### 04. VELDU ÞITT UPPÁHALDSSÆTI



Hérna er uppáholdssætið þitt, sætyndið mitt. Já, hérna á netinu. Við getum bókað það núna strax og ég ætla að sitja þér við hlið. Ekkert smá hentugt.

### 05. GÆLUDÝRIÐ, GOLFSETTIÐ, EÐA YFIRVIGTIN

Þú færð 50% afslátt af yfirvigtinni með því að bóka far fyrir hana á netinu. Það er kjörið fyrir skíðin, golfsettið eða gæludýrið. Alveg klikkað auðvelt að pakka.



**BÆTINGARÁÐ BERGS**



## Að hætta við að hætta

Regluleg hreyfing skilar langtíma árangri. Langflestir sem byrja að hreyfa sig finna fyrir jákvæðum breytingum. Þeir eru einbeittari, orkumeiri, sofa betur, finna andlegan mun og sjá jafnvel vigtina hreyfast í jákvæða átt. Á einhverjum tímapunkti kemur samt bakslag og okkur finnst árangurinn standa á sér. Það er mín reynsla að þá detti margir í „æ-fokk-it“-gírinn og snúi baki við öllu saman. Á þessum tímamarki reynir einmitt á hvort heilsan sé eitthvað sem maður ætla að taka föstum tökum eða halda áfram í „on/off-sambandi“ með. Það getur verið sniðugt að líta aðeins aftur um öxl: Hvar var ég þegar ég byrjaði? Líður mér betur núna en þá? Ef þú svarar því játandi, af hverju ættir þú þá að vilja fara til baka?

Það er algjör óþarfi að rakka sig niður þótt illa gangi. Það gerist hjá öllum, líka heimsklassa-íþróttamönnum í toppformi. Það að eitthvað klikki þýðir ekki að allt sé ónýtt. Hverju breytir það þó dagurinn sé ónýtur? Ekki detta í allt eða ekkert og byrja aftur á mánudaginn.

Bergur er fyrrverandi frjáls-íþróttakappi og starfar sem ÍAKeinkapjálfi hjá Reebok Fitness. Skoðuðu fleiri ráð á [www.facebook.com/baeting](http://www.facebook.com/baeting)



Bætingaráð Bergs

**ÍSL-ENSKUR TEXTI**



## Kaleo - Vor í Vaglaskógi

Kvöldið er okkar og vor um Vaglaskóg, við skulum tjalda í grænum berjamóg. Leiddu mig vinur í lundinn frá í gær, lindin þar niðar og birkihríslan grær.

Leikur í ljósum lokkum og angandi rósum, leikur í ljósum lokkum hinn vaggandi blær.

The night is ours and ours for Vaglaskógur, Let's camp in green berjamóg. Brought me from a friend in London yesterday, resource where Nidal and birch shake heals.

Game of blonde locks and angandi roses, game blonde locks the Wallow tint.

Takk, Google Translate!

**EINTÓM ÞVÆL**



Masókistinn Örvar Hörfar brosir hér í gegnum tárin eftir að félagi hans, Þrotgeir Smári, kýldi hann í magann.

## „Ertþúá Snapchat?!“

**V**íðreynslutækni, fyrstu kynni, daður, feimni, öryggi ... tækni.


**Þ**egar öllu er á botninn hvolft er það tæknin sem skiptir höfuðmáli þegar heilla á hitt kynið upp úr skónum. Vissulega getur það verið heppilegt að vera með andlit eins og Ryan Gosling eða vera með jafn djúpa vasa og Arnar Grant en þessi vopn eru bitlaus ef tæknin til að beita þeim er ekki til staðar.

**T**ími riddarans á hvíta hestinum er liðinn. Prinsessan í turninum er hætt að bíða eftir því að riddarinn komi að bjarga sér (og lífa hamingjusóm til æviloka auðvitað). Sú saga er löngu úrelt. Það er langt síðan við fórum að beita öðruvísi og nútímavæddari tækni. Þessar breytingar gerðu okkur lífið þægilegra. Það varð minna mál að kynnast einstaklingum sem við girntumst og má að vissu leyti segja að með samskiptamiðlunum hafi heimurinn minnkað. Með hverri nýjung sem kom á markað þurftum við að hafa minna fyrir því að kynnast hugsanlegum vini, rekkjunaut eða maka. Auðvitað fylgja öllum nýjungum óvæntir fylgifsakar en hver nennir að lesa bæklinginn með aukaverkunum?

**Á**tímum riddara voru kynhlutverkin óhag-anleg og hetjuskapur og glæst afrek á ferilskránni var það sem þurfti til þess að sigra hjarta konu. Þá var herra-mennskan í hávegum en smávægi eins og feimni eða óryggi voru ekki á boðstólum. Tímarnir breytast rétt eins og mennirnir og með tilkomu síma og smáskilaboða en síðar internets og samskiptamiðla hafa gamlar venjur gleymst en ekkert eitt endilega komið í staðinn. Til að byrja með hafa kynhlutverkin að miklu jafnast út. Konan hefur allt í einu fengið atkvæðisrétt og karlinn hefur fengið grænt ljós á tilfinningar, einlægni og jafnvel feimni. Allt saman magnast þetta með endalaus

samskiptaflæði og möguleikum snjallsímanna. Þetta sjáum við allt í dag, bæði í okkar daglega lífi og í glamúrheimi kvikmynda og fjölmiðla.

**U**ndirritaður var allsgáður í miðri kaótíkinni á vinsælum skemmtistað í miðborginni síðastliðna laugardagsnótt þegar ég áttaði mig á því hvert við erum komin í þróun samskipta. Athygli mín beindist í örskamma stund að öfufólva þú á fimmtugsaldri sem kom auga á myndarlegan mann og brokkaði til hans, þvert yfir dansgólfið með brjóstaskoru niður á nafla og í klámstjörnuhælum. Hún stoppaði eins og óvart og hreytti framan í hann með rámrri viskíröddu: „Ertþúá Snapchat?!“



**Þ**egar ég heyrði þessa fleygu setningu reyndi ég að stilla mig um hláturinn en þetta var enn önnur áminningin um að eldri kynslóðir, sem sífellt gagnrýna hegðun og tölvuvæðingu minnar kynslóðar, eru ekki jafn ólíkar okkur og þau reyna að líta út fyrir að vera. Á sama tíma og ég gladdist yfir þessum ummælum áttaði ég mig á því að jafnvel á djammainu gat greyið konan ekki hösslað þennan unga mann án þess að styðjast við samskiptatæki, í þessu tilfelli Snapchat.

**M**éð stöðugri þróun samskiptamiðla og snjallsíma er afturför í mannlegum samskiptum og ég komst ekki hjá því að hugsa: Hvað er næst?

## Egill Fannar Halldórsson



**FRASAKÓNGARNIR**

## Gredduglæraugun

Margir þeirra sem endast lengi á skemmtunum vonast til þess að kóróna kvöldið með ástaratlotum. Því lengur sem það tekur að finna félagi þeim mun meiri líkur eru á því að skynsemin þurfi að víkja fyrir almennri greddu og er þá er talað um að viðkomandi setji upp gredduglæraugun.

**Dæmi:** „Daði setti bara upp gredduglæraugun í gær, eftir fimm bjóra sá hann bara prinsessur.“

Í hverri viku munu frasakóngarnir Brynjar Ásgeir og Viktor Örn kenna okkur nýjustu frasana og orðin svo við getum verið fersk í umræðunni hverju sinni.



VIKTOR OG BRYNJAR ERU ALLTAF SLAKIR Á KANTI



## 7 líffæri sem ættu að vera hluti af mannlíkamanum.

**1 Rófa.** Hver man ekki eftir rófunni á persónunni Mauricio sem Jason Alexander lék í Shallow Hal. Ef allir væru með rófu þá væri auðveldara að sjá í hvernig skapi fólk er og svo væri þetta örugglega skemmtileg viðbót í einkalífnu.

**2 Rani.** Það væri náttúrulega sníllt ef hægt væri að vera með rana sem hægt væri að fela á köflum því hann er vissulega ansi fyrirferðamikill. En engu að síður væri þægilegt að geta borðað án handa. Það væri svo notalegt að vera hellsakur í sófanum og gúffa í sig snakki án þess að hreyfa útlímna, jú nema þá bara ranann.

**3 Þriðja eyrað.** Það getur verið óþægilegt að vera með heymartól innan um annað fólk því maður vill vita hvaða umræður eiga sér stað. En með þriðja eyranum gæti maður hæglega haldið áfram að hlusta á tónlist með tveimur eyrum og notað svo það þriðja til að hlusta á samræður vina eða bara á fyrirlestur kennarans.

**4 Tálkn.** Hversu geggjá væri að geta kafað að vild? Þá reyndar þyrftu augun líka að þola það að vera opin í dágóðan tíma í vatni. Smellum við því ekki bara með á listann?

**5 Horn.** Horn kæmu sér afskaplega vel ef einhver væri með bögg í bænum og svo væri líka afar hentugt að geyma alls kyns hluti á hornum sér. Skemmtilegast væri þó að upplifa þá miklu tiskubylgju sem færi af stað því líklegt væri að hornfylgihlutir yrðu afar vinsælir.

**6 Vængir.** Þetta er kannski allt of fyrirjáanlegt en það er draumur hvers manns barns að geta flogið um loftin blá. Reyndar kæmi þetta flugfélagnum afskaplega illa en við myndum redda vinnu fyrir alla sem þar starfa. Svo myndi allt tryllast á dansgólfinu þegar „Fly on the Wings of Love“ væri sett á fóninn.

**7 Kengúrúpoki.** Einföld ástæða. Svona burðarþokar fyrir börn kosta allt of mikið.


**VÍSINDAVEFURINN**

## Hvað eru til mörg nöfn á Íslandi?

Spurningunni er ekki auðvelt að svara. Svareið fer eftir því við hvað er miðað. Ef átt er við þann fjölda nafna sem Íslendingar hafa borið svo vitað sé eru nöfnin rúmlega 6000. Ef aðeins er átt við þau nöfn sem nú eru í notkun eru þau heldur færri. Árið 1983, þegar ég lét athuga fyrir mig fjölda nafna á þjóðskrá, voru kvenmannsnöfn 2538 en karlmannsnöfn 1994. Frá þeim tíma hafa einstaklingar fallið frá sem voru einir um nafn en aðrir bæst við með nýjum nöfnum. Mannanafnanefnd samþykkir á mánuði hverjum 5-10 ný nöfn.

Til fróðleiks má geta þess að nafnaförðinn hefur verið að aukast jafnt og þétt á síðustu öldum. Árið 1703, þegar fyrsta manntalið var tekið, voru á skrá 387 karlmannsnöfn og 338 kvenmannsnöfn. Í manntalinu 1910 voru karlmannsnöfn 1071 en kvenmannsnöfn 1279.





Verum öll vinir...

**...en fáðu þér síma sem skilur þig!**

Samsung Galaxy S4 hefur þann skemmtilega eiginleika að skilja okkar ástkæra ylhýra. Þannig má stjórna ýmsum aðgerðum og einnig er hægt að skrifa tölvupósta og SMS með því að tala við símann á íslensku. Fáðu þér síma sem skilur þig.


Kynntu þér málið á [GalaxyS4.is](http://GalaxyS4.is)



Samsung  
**GALAXY S4**

En mér finnst mjög gaman að leika og ef mér yrði boðið eitthvert hlutverk í Hollywood sem vekti áhuga minn myndi ég slá til. Það vantar alltaf einhverja hryðjuverkamenn.

Monitor 16. september 2010





# KONUNGUR KVIKMYNDANNA

Eins og flestallir Íslendingar vita hefur **Baltasar Kormákur** slegið í gegn sem leikstjóri í henni Hollywood. Nýjasta kvikmynd hans, **2 Guns**, er sú mesta hingað til en myndin fór beint á toppinn í Bandaríkjunum þegar hún var frumsýnd vestanhafs í upphafi mánaðar. **Monitor** rýndi lauslega í ferilinn hjá leikstjóranum forkunnarfagra.

Árið 1990, þegar Baltasar Kormákur var 24 ára gamall, útskrifaðist hann úr Leiklistarskólanum og við útskrift beið hans fastráðning hjá Þjóðleikhúsinu. Baltasar þótti (og þykir enn) afskaplega hæfileikaríkur leikari og fór hann með mörg stór hlutverk á þeim sjö árum sem hann starfaði í Þjóðleikhúsinu og árið 1996 gerði hann Badda í Djöflaeyjunni ódauðlegan. Á meðal verkefna Baltasars í Þjóðleikhúsinu má nefna Volodja í Kæru Jelenu, Rómeó í Rómeó og Júlíu, brúðgumann í Blóðbrullaupi og Konstantín í Mávinum. Það var árið 1994 að Balti fór að fíka við leikstjórn en frumraun hans sem leikstjóra var söngleikurinn Hárið sem sýndur var í Íslensku óperunni við virkilega góðar undirtektir. Síðan þá hefur Baltasar leikstýrt fjöldanum öllum af leiksyningum og fengið Grímuverðlaun sem leikstjóri ársins fyrir verkin Þetta er allt að koma og Pétur Gaut.

#### Á lista með Nolan

Árið 2000 var afar gott hjá Baltasar en þá fór hann með hlutverk Óla í kvikmyndinni um Engla alheimsins og fyrsta kvikmyndin sem hann leikstýrði, 101 Reykjavík, fékk góð viðbrögð bæði hér heima og erlendis. Myndin fékk Discovery Film Award á Alþjóðakvikmyndahátíðinni í Toronto og í kjölfarið var Baltasar á lista Variety-bladsins yfir 10 leikstjóra sem vert væri að fylgjast með. Það voru engir aukvissar á þessum lista en stærsta nafnið á listanum er örugglega Christopher Nolan sem leikstýrt hefur Batman-þrileiknum og Inception. Baltasar fékk þó að kynnastratti brekku þegar hann gerði A Little Trip to Heaven árið 2005 en myndin gekk ekki eins vel og vonir stóðu til.

#### Inhale opnaði dyrnar til Hollywood

Það var svo árið 2010 að dyrnar til Hollywood opnuðust upp á gátt þegar Baltasar leikstýrði kvikmyndinni Inhale sem fjallar um ólöglega líffæraflutninga. Tveimur árum

„Það kemur fyrst upp í hugann þegar ég var í tókum á Djúpinu um daginn og var svo mál að míga þegar við vorum að taka upp niðri á höfn. Ég fór á bak við gám og pissaði þar. Um leið og ég var byrjaður kom gámabíll og tók gáminn, þannig að ég stóð þarna beint fyrir framan tókuliðið með allt niður um mig. Þetta var eins og lélegt grínatriði í bíómynd.“

Monitor 16. september 2010

síðar var Reykjavík-Rotterdam komin í Hollywood-búning þar sem Mark Wahlberg fór með aðalhlutverkið í Contraband. Þrátt fyrir velgengnina í Hollywood hefur Baltasar ekki sagt skilið við íslenska kvikmyndagerð enda engin ástæða til, Hafíð, Mýrin og Brúðguminn hlutu verðlaunin sem besta mynd ársins á Edduverðlaunum og nú síðast hlaut Djúpið 11 Edduverðlaun og var Baltasar leikstjóri ársins. Baltasar er alltaf með mörg járn í eldinum.

Um þessar mundir leggur hann lokahönd á sjónvarpsmyndina The Missionary sem HBO mun sýna og þá er undirbúningur fyrir stórslysamyndina Everest í fullum gangi. Baltasar hefur einnig tryggt sér kvikmyndaréttinn á Sjálfstæðu fólki Halldórs Laxness og þá lofaði hann í viðtali við Monitor árið 2010 að einhvern tímann myndi hann senda frá sér alvöru víkingamynd.

#### Fjármálin

Það er gaman að skoða fjármálin í kringum myndirnar sem Baltasar hefur leikstýrt en á þeim þrettán árum sem hann hefur setið í kvikmyndaleikstjórn hafa peningarnir í hans verkefnum margfaldast verulega. Frumraun hans sem kvikmyndaleikstjóra var sem kunnugt er 101 Reykjavík en samkvæmt Wikipedia halaði sú mynd inn 126.404 bandaríkjadollara í bíóhúsunum en til samanburðar halaði Contraband in 95.181.981 bandaríkjadollara. Því hefði þurft að framleiða 101 Reykjavík 753 sinnum til að ná inn sömu fjárhæðum og Contraband. En peningarnir skipta þó ekki öllu máli og dæmi hver fyrir sig hvor myndin er betri. Til gamans má þó sjá hér þróunina.

Mynd	Fjármagn	Miðasala
101 Reykjavík		\$126.404
A Little Trip to Heaven	\$4.000.000	
Mýrin (Jar City)		\$748.315
Inhale	\$10.000.000	\$55.089
Contraband	\$25.000.000	\$95.181.981
2 Guns	\$61.000.000	\$35.377.680*

\*er enn í sýningu

„Ég ætlaði lengi að verða dýralæknir og var kominn inn í skóla í Liverpool þegar ég datt inn í Leiklistarskólann

Monitor 16. september 2010



#### Kvikmyndaleikstjórn



# FOCUS

**Nýi orkudrykkurinn...  
þessi öfluggi án sykurs!**

**Aðeins 2 hitaeiningar og 0,5 g kolvetni í 100 ml.**

## **Koffín, guarana og ginseng... virkar strax!**

15 kraftmiklar freyðitöflur í einum stauk. Skellt út í vatn nákvæmlega þegar þér hentar – heima, í vinnunni, skólanum, í ræktinni, í golfinu...

## **Handhægt, bragðgott og frábært verð**

Vertu alltaf með orkuna við höndina og gríptu einn stauk af FOCUS í næsta apóteki .

**Áhrifarík  
innihaldsefni  
- virkar  
samstundis**



**Fæst í helstu apótekum  
brokkoli.is**

# Verður kannski loksins umdeildur

**Hugleikur Dagsson** frumsýnir brátt teiknimyndabáttinn **Hulli** og er á leið í uppistandshringferð um landið. **Monitor** ræddi við grínistann um meinta athyglisbrestinn, lífið sem rokkstjarna í Finnlandi og sjúkleika verka hans.





## Síðasta sem ég...

**Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana:** Ætli það hefi ekki verið bókamessan í Gautaborg. Alltof langt síðan ég hef komist út.



**Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á:** Kex Hostel. Saltfiskinn ef ég man rétt.



**Síðasta bíómynd sem ég horfði á:** Ég fór á hina stórgóðu Elysium um daginn. Nexus forsýningu. Góð mynd.



**Síðasti hlutur sem ég keypti mér:** Sjónvarp.



**Síðasta húsvork sem ég innti af hendi:** Ég tók til heima fyrir þetta viðtal sem var síðan ekki einu sinni tekið heima hjá mér.



**Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann:** Ég sagði það rétt áðan við kærustuna mína.







### Þú fékkst óreynda talsetjara til að tala inn á þættina. Af hverju hringdir þú ekki í Ladda og Felix Bergsson, talsetningarkóna Íslands?

Við hugsuðum það svoltið þannig að það hefur verið ákveðin leikhefð í gangi í íslenski talsetningu sem hentaði ekki þættinum, þessi flippaði skrípagir hentaði ekki alveg sögunni. Söguþráður þáttanna var þróaður af mér, Þorra bróður mínum (Þormóður Dagsson), Árna Vilhjálmssyni, Lóu Hjálmtýs og Önnu Svövu. Ég valdi þau í það af því að mér finnst þau fyndin og svo „meikaði bara sens“ að þau myndu líka tala inn á þættina af því að þau þekkja allar hliðar þeirra. Síðan er bara ákveðin „lo-fi-fagurfræði“ gegnumgangandi í þessum þáttum og þá hentaði bara best að vera með talsetningu þar sem persónurnar tala bara eins og venjulegt fólk.

**Við föttuðum að það væri ekkert sniðugt að segja „ríða“ og „þíka“ þannig í staðinn reyndum við að láta persónurnar segja „sofa hjá“ og „sköp“ og handritið varð bara miklu fyndnara fyrir vikið.**

### Þú hefur einnig látið að þér kveða í leikritaskrifum og uppstandi. Höfða skrif jafn-vel til þín og teikningar?

Þau höfðar meira til mín, mér finnst langskemmtilegast að segja sögur og búa til brandara. Það er kannski ástæðan fyrir því að ég nota svona einfaldar teiknaaðferðir, af því að ég hef ekki alveg þolinmæðina í að vanda mig of mikið. Ég get alveg teiknað ágætlega ef ég vanda mig, en mér finnst bara skemmtilegra að segja sögur. Núna er ég dálítið byrjaður á því að fá aðra í að teikna fyrir mig sögur sem ég sem. Núna er ég að gera bókaseriu sem heitir Endir og í næstu bók í seríunni fæ ég Rán Flygning til að teikna fyrir mig. Mér finnst bara miklu skemmtilegra að fá sendar teikningar frá henni og sjá hennar túlkun á ímyndunaraflinu mínu. Ég get hugsað mér að fara meira út í það.

### Um hvað verður sú bók?

Þetta er svona uppvakningabók þar sem Páll Óskar er að berjast við uppvakninga. Hún er sem sagt unnin í samstarfi við hann (hlær).

### Það er ekki bara frumsýning á sjónvarpsþætti framundan heldur ert þú á leið í uppstandstúr um landið, ekki satt?

Jú, hann fer einmitt af stað um svipað leyti og sjónvarpsþátturinn fer í loftið, það er ágætt því þá verð ég kannski ekkert mikið að hanga á Facebook og leita uppi einhver „komment“ um þáttinn (hlær).

## KVIKMYNDIR

**Myndin sem ég get horft á aftur og aftur:** Ætli það sé ekki Mad Max 2.

**Myndin sem ég væli yfir:** Wreck-it Ralph. Og Elephant Man.

**Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir:** Step Brothers.

**Uppáhaldsmyndin mín í æsku:** Return of the Jedi.

**Versta mynd sem ég hef séð:** Ætli það sé ekki önnur hvor Wolverine-myndin. Af hverju er ekki hægt að gera góða Wolverine-mynd? And don't get me started on Punisher.



## TÓNLIST

**Lagið í upphaldi þessa stundina:** Lascia ch'io pianga eftir Händel.

**Lagið sem kemur mér alltaf í gott skap:** Hvað sem er eftir Andrew W.K.

**Lagið sem ég fila í laumi:** Feed you my Love með norsku Eurovision-stelpunni. En ég fer samt ekkert leynt með það.

**Lagið sem ég syng í karóki:** Ben með Michael Jackson.

**Nostalgíulagið:** Return to Innocence með Enigma.



## FORM OG FÆÐI

**Uppáhaldsmatur:** KFC.

**Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á:** Hafragrautur.

**Versti matur sem ég hef smakkað:** Ósaltað popp.

**Líkamsræktin mín:** Ég geng allt.

**Stoltasta augnablikið á íþróttuferlinum mínum:** Þegar ég reddaði mér vottorði í leikfimi í Kvennó.



SMÁA LETRIÐ

það er líka nauðsynlegt og maður þarf að læra að það er enginn heimsendir þótt fólk finnst þú ekki fyndinn.

CW-X® Conditioning Cycle™

# ÞREKHRINGUR


CW-X® íþróttafatnaður er hannaður til að bæta frammistöðu og draga úr hættu á meiðslum á öllum áreynsluprepum.

## ÁREYNSLUPREPIN

1 UPPHITUN → 2 ÆFING → 3 TEYGJUR

### 1 UPPHITUN

Hitar upp vöðva og eykur blóðflæði áður en álag er aukið.



### 2 ÆFING

#### ÆFING

Styður vel við vöðva og liðamót við áreynslu.



### 3 TEYGJUR

#### TEYGJUR

Flýtir fyrir endurnýjun orku með því að auka blóðflæði og draga úr myndun mjólkursýru.




CONDITIONING WEAR®

[www.cw-x.com](http://www.cw-x.com)




# ÞETTA ÞARF EKKI AÐ VERA FLÓKID

**Hugleikur Dagsson** hefur náð ótrúlega góðum árangri sem skopmyndateiknari, grínisti og listamaður. Hugmyndaflug hans er einstakt og nýttist vel í einföldu og hnyttu teikningunum hans. Hann var svo elskulegur að leyfa okkur að birta nokkrar myndir sem eru í uppáhaldi hjá Monitor.







HUGLEIKUR DAGSSON



HUGLEIKUR DAGSSON 13



HUGLEIKUR DAGSSON



HUGLEIKUR DAGSSON




HUGLEIKUR DAGSSON



HUGLEIKUR DAGSSON



UM... CAN'T WE JUST OPEN A WINDOW?



HUGLEIKUR DAGSSON



**Fimmtudagur 15. ágúst**  
(off venue á Mælifelli)  
Gillon, Soffía Björg og Ösp Eldjárn,  
Árni Rúnar, Óskar Harðar, Fríða Dís,  
Rafaella og J.O.N.

**Föstudagur 16. ágúst**  
Sometime, Stafrænn Hákon, Jónas  
Sig, Alchemia, Contalgen Funeral,  
Ultra-Mega Technobandið Stefán,  
Steinsmiðjan, Bellstop, Dusty Miller,  
Úlfur Úlfur og The Royal Slaves.



# Einu sinni smakkað þú g

Um helgina er tónlistarhátíðin **Gæran** haldin í fjórða sinn á Sauðárkróki en **Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir** er ein af skipuleggjendum hátíðarinnar.

**Nú er tónlistarhátíðin Gæran haldin fjórða sinn. Hvernig byrjaði þetta allt saman á sínum tíma?**

Við vorum á leiðinni suður á Edduna og í þrjú tíma bíltúr í góðum félagsskap verða stórkostlegar hugmyndir til. Okkur fannst bara leiðinlegt að Vesturland, Austurland og Suðurland ættu geggjáðar tónlistarhátíðir en Norðurland með öllum sínum tónelsku íbúum ættu enga slíka. Þannig að við slógum bara til, við ræddum við Gunnstein og Siggu í Atlantic Leather sem tóku okkur og hugmynd okkar svo vel að boltinn fór bara að rúlla. Hátíðin fékk nafn sitt Gæran út frá húsnæðinu. Þetta er eina sítunarverksmiðjan á Íslandi og eina sítunarverksmiðjan í Evrópu sem sítar fiskroð og það er rokk (hlær).

**Hefur margt breyst á þessum árum eða haldið þið ykkur alltaf við sömu formúluna?**

Formúlan er nokkuð nett, frábært og hæfileikaríkt fólk á hverjum pósti sem hefur unnið baki brotnu til að gera Gæruna að því sem hún er. Þannig að, já, á maður ekki að halda sig við uppskrift sem bráðnar í munni og smakkast svona asskoti vel?

**Í gegnum tíðina hafa 59 hljómsveitir og listamenn stigið á stökk. Hvernig tekst ykkur að plata alla þessa flottu listamenn til að spila?**

Íslenskir tónlistarmenn eru náttúrulega algjör hjartagull en við reynum líka okkar allra besta til að skapa kósý stemmingu, erum með flotta kertaljós-aðstöðu baksviðs með sófum, grillmat og lífsvökva. Svo fá listamenn bensinstyrk og gistingu í uppáþúnum rúnum eða dýnum með súkkulaði á koddanum. En við erum líka með geggjáð hljóðkerfi frá Exton, fagmenn á hverjum stað sem standa sína plikt með miklum sóma sem skapar flotta tónlistarhátíð sem hljómsveitir vilja vera partur af aftur og aftur.

**Er listamannahópurinn í ár sá flottasti hingað til?**

„Lænoppið“ í ár er stórkostlegt og við erum súperánægð með það. 62 hljómsveitir sóttu um í ár og það sýnir bara hversu ört stækkandi Gæran er. Við höfum alltaf lagt mikið upp úr því að sem flestar tónlistastefnur fái að njóta sín á hátíðinni þannig að allir finni fílinginn. Einnig leggjum við mikla áherslu á að Gæran skapi stökkpall fyrir hljómsveitir sem eru að stíga sín fyrstu spor í bransanum, þannig að allir hóparnir í gegnum tíðina eru flottastir.

**Blaz Roca hefur áður komið fram á hátíðinni en hann spilar í ár með Rottweilerhundunum. Hljómsveitir á borð við Valdimar og Úlf Úlf hafa einnig komið fram áður á hátíðinni. Verða menn háðir því að spila á Gærunni?**

Já. Gæran situr í sálinni. Er það líka ekki þannig að maður leitar í að fanga upplifun aftur og aftur sem hrífur mann? En við erum samt með eina reglu sem hljóðar upp á að hver hljómsveit getur spilað 2 ár í röð en þarf svo að taka eitt ár í pásu, svo fleiri komist að. En tónlistarmenn í dag eru oft í mörgum böndum þannig að sumir hafa spilað á öllum Gærum hingað til; það segir manni: „Einu sinni smakkað, þú getur ekki hætt.“

**Sauðárkrókur hefur alið af sér Eyjólf Sverrisson, Auðun Blöndal, Sverri Bergmann og strákana í Úlf Úlf. Er næsta vonarstjarna Króksins að stíga á svið um helgina?**

Skagfirðingar eru náttúrulega allir vonarstjörnur, ótrúlega mikið af hæfileikaríku fólki sem býr hérna. En jú, á hverri hátíð uppgötvar maður efnilega tónlistarmenn sem maður er svo heppinn að hafa tækifæri til að fylgjast með. Það eru algjör forréttindi að fá að taka þátt í fyrstu skrefum ungra og efnilegra listamanna.

**Við hverju mega gestirnir í ár búast?**

Algjörri Gæru-gleði allan tímann. Stórkostlegar hljómsveitir í mögnuðu húsnæði sem skapa ómótstæðilega stemmingu. Þetta er upplifun sem þú verður háður – rokk og ról fyrir allan peninginn.



## SIGURLAUG VORDÍS

Fyrstu sex: 260581.

**Uppáhaldshljómsveit:** Má þetta? Ég á uppáhaldshljómsveit fyrir hverja þá stemmingu sem ég er í en Janis Joplin eða Tom Waits enda alltaf sessionið í plötuspilaranum.

**Lag á heilanum þessa stundina:** Vil helst ekki viðurkenna það en þetta lag er algjört heilalím og þar af leiðandi greinilega gott lag. En það er Glæðasti hundur í heimi eftir Dr Gunna.

**Uppáhaldsnammi:** Púðursykurterta.





**Laugardagur 17. ágúst**  
 Valdimar, Funk That Shit, The Vintage Caravan, Blind Bargain, Hymnalaya, Tilbury, The Wicked Strangers, Greifarnir, Baggabandið, XXX Rottweiler hundar og Kontinuum.

# Getur ekki hætt



**GÆRAN**

Hvað: tónlistarhátíð.  
 Hvar: Sauðárkróki.  
 Hvenær: 16.-17. ágúst.  
 Hve mikið: 6.000 krónur.  
 Meira: [www.gaeran.is](http://www.gaeran.is).  
 Fésið: /gaeranmusic.



## Lifðu, lærðu, leiktu með Lenovo Yoga



Fartölva og  
spjaldtölva í einni  
11,6" snertiskjár  
Intel Core i3 örgjörvi  
4 GB minni  
128 GB SSD diskur  
Verð: 164.900 kr.



**lenovo**

3ja ára ábyrgð

Borgartún 37, Reykjavík / Kaupangi, Akureyri / [netverslun.is](http://netverslun.is)



VIÐ FUNDUM ENGAN RÚMGAFI SEM VAR NÁKVÆMLEGA EINS OG VIÐ VILDUM SVO VIÐ BJUGGUM ÞENNA BARA TIL OG KENNSLAN ER Á VENIVIDIVISA-BLOGGINU. LAMPINN ER NÝR FRÁ ILVA.



MAÐUR ÞARF AÐ NOTA VINNUPLÁSSID Í ELDHÚSINU OG ÞVÍ ER GAMAN AÐ HAFA PRAKTÍSKU HLUTINA UPPLÍFGANDI, EINS OG ÞESSA BLEIKU VIKT OG SKURÐBRETTI/HITA PLATTA SEM ER EINS OG PLÖTUSPILARI.

# Blanda af klassískum og sérkennilegum stíl

Nýverið fluttu þær **Jóhanna Edwald** og **Rebekka Rut Gunnarsdóttir** í fallega íbúð í Garðabænum og hafa þær heldur betur gert hana að sinni. **Stíllinn** fékk að kíkja í heimsókn til þeirra og skoða sig um.

## Hafið þið mikinn áhuga á hönnun?

Já virkilega mikinn, sérstaklega Jóhanna. Þetta er mikið áhugamál enda er svo gaman að hafa fallegt í kringum sig og búa eitthvað til. Möguleikarnir eru endalausir og mikið efni t.d. á netinu sem hægt er að skoða tengt innanhúshönnun. Við bloggum mikið um hönnun á venividivisa.net.

## Hvernig myndu þið lýsa stílnum á heimilinu?

Kannski sem hressilegri blöndu af klassísku og sérkennilegu með smá skandinavískum blæ (hlær).

## Hvað hafið þið í huga þegar þið verslið húsgögn og skreytið heimilið?

Hvort að hlutirnir muni gleðja okkur og að við viljum þó ekki fá leið á þeim. Einnig notagildi, hvernig þægilegast er að hafa hlutina.

## Hver er uppáhalds húsgagnaverslunin ykkar?

Í Ilvu höfum við fundið margt sem er í uppáhaldi.

## Hafið þið sama smekk þegar kemur að stílnum á heimilinu?

Já eiginlega. Stundum efast Rebekka um það sem Jóhanna langar að gera en það eru hlutirnir sem hún verður svo ánægðust með.

## Nú eru þið duglegar að búa til ykkar eigin hluti inná heimilið eða svokallað „DIY“, hvaðan fáist þó hugmyndirnar?

Útum allt á netinu eða útfra því að langa í eitthvað ákveðið sem hvergi finnst. Þá eru aðferðir googlaðar á netinu og bloggað um þá aðferð sem varð fyrir valinu.

## Hver er ykkar uppáhalds „DIY“ hlutur á heimilinu?

Rúmgafinn því hann setur svo mikinn svip og við skemmtum okkur svo vel við að búa hann til. Því stærra DIY því meira fjör.

## Hvar og hvernig væri drauma heimilið ykkar?

Vá, erfðasta spurning í heimi. Ef maður má bara eiga eitt þá mætti það vera gamalt og stórt fallega uppert hús í miðbæ Reykjavíkur umkringjt trjám sem tæki heila eilífð að fylla af skemmtilegri hönnun.



ÞAÐ ER FLOTT AÐ BRJÓTA UPP KAFFIBORD MEÐ BAKKA, ÞESSI ER RAMMI FRÁ RÚMFATLAGERNUM ÞAR SEM BAKIÐ VAR MÁLAÐ SVART, KENNSLAN ER Á VENIVIDIVISA. SVO ER HÆGT AÐ GRÍPA SÉR BÓK EN SVONA NJÓTA FALLEGSTU BÆKURNAR SÍN BEST.



ÞESSAR IKEAHILLUR ERU SNILLD FYRIR SKÓ ÞVÍ ÞAÐ ER AUÐVELT AÐ SJÁ HVAÐ MAÐUR Á OG ÞANNIG NOTAR MAÐUR FLEIRI ÞÖR.



ÞAÐ ER SVO AUÐVELT AÐ VAKNA ÞEGAR MAÐUR SEST HÉRNA NIÐUR TIL ÞESS AÐ HAFA SIG TIL.



ÞESSI IKEASKÁPUR ER ALGER KLASSÍK OG ER FULLKOMINN TIL ÞESS AÐ LÆSA INNI LJÓTA DÓTIÐ OG NOTA SEM BAR. ÞÁ VEIT FÓLK AÐ ÞAÐ ER ALLT Í BOÐI Í PARTÍNU.



MJÖG ÞÆGILEG OG KÚL LEIÐ TIL ÞESS AÐ GEYMA ARMBÖND.



**JÓHANNA EDWALD**

**Fyrstu sex:** 230991  
**Staða:** Laganemi og WOW-flugfreyja  
**Upphaldshlutar á heiminu:** Nýji kertaarinn og lampinn í svefnherberginu einmitt núna og Tom Dixon-ljósíð sem gerir svo mikið fyrir íbúðina.

**REBEKKA RUT**

**Fyrstu sex:** 041291  
**Staða:** Viðskiptafræðinemi og WOW-flugfreyja  
**Upphaldshlutar á heiminu:** Held ég verði að velja rúmgafinn sem við bjuggum til sjálfar og myndin við innganginn sem Jóhanna málaði.



**ÞAÐ VARD ÓVART SMÁ ANDY WARHOL-ÞEMA EN HANN HEFUR LENGI VERIÐ Í UPPHALDI. LOÐIÐ GERIR SÓFANN SVO MIKLU GIRNILEGRI.**



**COPPER SHADE FRÁ TOM DIXON SETUR STEMMINGUNA FYRIR ALLA ÍBÚÐINA.**

Myndir/Rósa Braga



**ÞETTA MÁLVERK MÁLAÐI JÓHANNA EN HEIMATIL-BÚIN MÁLVERK GETA VERIÐ HIÐ BESTA MÁL.**



**ÞESSI HILLA FRÁ ILVA ER FULLKOMIN FYRIR LITLU FALLEGU HLUTINA OG TEKUR LÍTÍÐ PLÁSS.**



**BENNAN KERTA-ARIN KEYPTUM VIÐ HJÁ GRR-SMÍÐI. ÓTRÚLEGA HUGGULEGUR.**

**ÞAÐ ER SNIDUGT AÐ HAFA STÍLHREINAN BAKKA FYRIR FALLEGSTU NAUÐSYNJARN-AR Á BAÐBORDINU.**



**SKURÐARBRETTIÐ Í ELDHÚSINU LÍTUR ÚT EINS OG VÍNÝLSPILARI.**



**VIÐ VORUM AÐ ENDA VIÐ AÐ MÁLA LENGSTA VEGGINN Í STOFUNNI Í ÞESSUM FJÓLUGRÁA LIT OG VIÐ HREINLEGA ELSKUM ÞAÐ. LITURINN HEITIR S4005-R20B HJÁ FLUGGER.**

Chris Farraday: *You think you're the only guy with a gun?*  
(Contraband, 2012)

KVIKMYND

## Hugljúf og mannleg

Því miður er það ekki í hverri viku sem ég fer á kvikmynd í líkingu við The Way Way Back. Þetta sumarið hef ég meira og minna farið á, að mér finnst, Hollywood-„blockbusters“ sem skilja lítið eftir sig. Þessi mynd er nefnilega öðruvísi mynd sem fær mann til að hugsa og hef ég rætt hana ítrekað eftir áhorfið, en það hefur verið heldur fátíður atburður í sumar.



Í þessari skemmtilegu mynd er sagt frá hinum feimna og einstaklega vandræðalega ungling Duncan, sem er tilneyddur í frí í smábæ með mömmu sinni og nýja leiðinda-kæranum hennar (Steve Carell). Allt stefnir í hræðilegt sumar þangað til starfsmaður í vatnsskemmtigarði bæjarins ræður Duncan í vinnu og þá fara hlutirnir fyrst að glæðast.



### THE WAY WAY BACK

HJÁLMAR KARLSSON



og hvernig fólkið tekst á við vandamál sín. Aðalleikari myndarinnar og senuþjófur hennar er hinn 15 ára gamli Liam James. Oftar en ekki engist maður um í sætinu sínu yfir því hversu vandræðalegt greyðið er og hversu bággt hann hefur það. Steve Carell sýnir á sér alveg nýja hlið og tekst ótrúlega vel upp sem illkvittni stjúpinn. Að sama skapi á Sam Rockwell frábærar rispur sem eins konar verndari Duncans þegar hann tekur hann undir sinn væng í vatnsskemmtigarðinum og skelltu áhorfendur oft uppúr yfir vitleysisgangnum í honum.

The Way Way Back er mannleg og hugljúf mynd sem eflaust flestir geta tengt við á einhvern hátt og er birtingarmynd hennar á því hvernig kjarnafjölskyldan er ekki lengur til staðar mjög raunsæ. Hún veitir alvörufegna en samt kómíska innsýn í það hvernig fólki tekst misvel að púsla lífi sínu saman eftir skilnað, hvort sem það þá heldur áfram einsamalt með Bakkus sér við hlið eða fer alltof fljótt í samband á sama tíma og aðrir í fjölskyldunni, eins og Duncan, þurfa að líða fyrir það.



## FRUMSÝNING HELGARINNAR

## 2 Guns

Fíkniefnalögregluþjálfari Bobby Trench (Washington) og leyniþjónustumaður á vegum hersins, Marcus Stigman, (Wahlberg) hafa verið spyrtil saman síðustu tólf mánuðina, en eru engir sérstakir aðdáendur hvor annars. Þeir hafa verið í dulargervi í innsta hring fíkniefnaglaðsamtaka, hvorugur veit að hinn er lögga og þeir vantreysta hvor öðrum jafnmikið og glæpamönnum sem þeir eiga að handsama. Þegar hættuleg aðgerð misheppnast illilega afneita yfirvöld þeim báðum og eina leiðin fyrir þá til að lifa af, endurheimta orðspor sitt og fella glæpaforingjana sem leiddu þá í gildru, er að snúa bókum saman og nýta sér það sem þeir hafa lært af gangsterunum sjálfum.

**Leikstjóri:** Baltasar Kormákur.  
**Aðalhlutverk:** Mark Wahlberg, Paula Patton og Denzel Washington.  
**Lengd:** 109 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 14 ára.  
**Kvikmyndahús:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó.



VILTU VINNA MIÐA?

facebook.com/monitorbladið



**Scandiphone**  
Retro borðsími.  
9.990 kr.

**MyAmp**  
iPod hátali/magnari.  
4.990 kr.

**Karlisson**  
Vinipólukukka.  
6.990 kr.

**Emergency Bowtie**  
Þverslaufa.  
1.490 kr.

**Retro Cover**  
iPhone hülstur og standur.  
2.900 kr.

**Pickmaster**  
Gerðu þínar eigin gítarnegjur.  
4.500 kr.

## HETTUPEYSUR OG GJAFAVARA Í ÚRVALI

American Apparel  
Hettupeysur.  
8.900 kr.

American Apparel  
Hettupeysur.  
8.900 kr.

American Apparel  
Hettupeysur.  
8.900 kr.

SMÁRALIND · LAUGAVEGUR 32 · WWW.DOGMA.IS

## TÖLVULEIKUR

**PayDay 2**  
**MMMMM**

**Tegund:** Skotleikur

**PEGI merking:** 18+

**Útgefandi:** 505 Games

**Dómar:**  
8 af 10 – Eurogamer.net  
8 af 10 – IGN.com  
8,3 af 10 – Gametrailers.com

## Upp með hendur! Þetta er rán...dýr leikur

Blautur draumur margra tölvleikjaaaðdáenda er góður co-op-leikur þar sem félagarnir geta spilað saman með eða á móti hvor öðrum. Því miður er alltof lítið til af slíkum leikjum og oftast en ekki eru þeir ferkar slappir. Nú hefur Overkill-fyrirtækið ákveðið að hysja uppum sig með leiknum PayDay 2 og bleyta svo um munar uppí draumum nördanna.

Í PayDay 2 þurfa leikmenn að setja saman lið ræningja og fremja svo rán hér og þar. Leikurinn gerist í Washington DC og þurfa leikmenn að ræna þar skartgripaverslanir, banka, listasöfn og ýmsa fleiri staði.

PayDay 2 er fyrstu persónu skotleikur sem allt að fjórir geta spilað saman. Leikurinn er mjög fjölbreyttur og er það algjörlega í höndum leikmanna hvernig þeir skipuleggja ránin og svo fremja þau. Hægt er að vaða inn með byssurnar á lofti og skjóta allt sem hreyfist eða það sem mælt er með, að læðast um og fremja ránið með eins hljóðlátum hætti og mögulegt er. Í byrjun hvers ráns þarf að setja saman hóp ræningja (Kardemommubærinn brjálaður) og græja þá upp fyrir ránið. Leikmenn geta svo valið úr nokkrum mögulegum verkefnum og fer það eftir stemmingunni hversu flókið rán menn vilja fremja. En leikurinn býður uppá mikla fjölbreytni og helling af valmöguleikum.

PayDay 2 er algjörlega hannaður fyrir co-op-spilun og er hann mjög þunnur fyrir þá sem vilja spila einir og sér, en það er enginn almennilegur söguþráður og að spila með tölvustýrdum gaurum er bara ekki það sama. En fyrir þá sem spila með öðrum þá er PayDay 2 með betri co-op-leikjum seinni tíma.

Grafíkin er í ágætu meðallagi og sama má segja um tónlist leiksins, en góðu fréttirnar eru að það fer enginn að dæma leikinn eftir því. Það er spilun hans fyrst og fremst sem gerir PayDay 2 að því sem hann er... rándýr leikur sem stelur þrumunni þessa viku.

**ÓLAFUR ÞÓR JÓELSSON**

# MOGGAKLÚBBURINN

**20-30% AFSLÁTTUR AF SNJALLSÍMUM HJÁ EMOBI.IS  
FYRIR ÁSKRIFENDUR MORGUNBLAÐSINS TIL 25. ÁGÚST**

## ÞRÍR MISMUNANDI SÍMAR – ÞRJÚ MISMUNANDI TILBOÐ

Farið inn á [emobi.is](http://emobi.is), stofnið aðgang eða notið gestaskráningu og framkvæmið neðantaldar aðgerðir:

1. Velja vöruna og setja í körfu.
2. Smella á litlu örina sem er í bláa kassanum efst uppi hægra megin og velja þar „skoða körfu“.
3. Velja síðan „Nota afsláttarmiða“.
4. Setja inn viðeigandi kóða eins og hann er birtur fyrir hvern síma og síðan smella á „Apply Coupon“ og þá kemur réttur afsláttur inn.
5. Velja síðan „Ganga frá pöntun“ og þá tekur við hefðbundið ferli sem skýrir sig vel við frágang.



### Samsung Galaxy S DUOS – Android

Tengdu saman vinnu og leik með Samsung Galaxy S DUOS. Hann tekur 2 SIM-kort og bæði eru virk á sama tíma, svo það er mjög auðvelt að skipta á milli, eftir því hvaða númer hringir.  
4" WVGA skjár - 1GHz örgjörvi, 4GB minni og stuðning fyrir microSD-kort allt að 32GB - 5MP myndavél - útlarp m/ RDS, 1500mAh rafhlaða og Android 4,0 (Ice Cream Sandwich)

Fullt verð 49.900 kr.

**Moggaklúbbsverð 34.900 kr.**

Kóði fyrir Galaxy S DUOS er : MBL2



### LG Nexus 4 – Android JellyBean

Nexus 4 er framleiddur af LG fyrir Google og afraksturinn er glæsilegur og fullkominn Android-sími sem hefur allt það besta sem Android býður uppá.  
4,7" Gorilla Glass 2 True HD IPS skjár - 4ja kjarna 1,5GHz örgjörva - 2GB vinnsluminni - 16GB minni og 8MP myndavél auk þess sem hann er með NFC og styður þráðlausa hleðslu. -

Fullt verð 89.900 kr.

**Moggaklúbbsverð 69.900 kr.**

Kóði fyrir LG Nexus 4 er : MBL4



### Nokia Lumia 920 – Windows phone8

Lumia 920 er með Windows Phone 8 stýrikerfi og hlaðinn tækninýjungum. Hann styður þráðlausa hleðslu, er með snertiskjá sem er vettlingavænn. PureView HD-ljósmyndatækni með Carl Zeiss-linsu sem skilar sér í mun betri myndum en áður hefur sést í snjallsímum auk þess sem hann styður 4G/LTE  
4,5" skjár - 1,5 GHz tvíkjarna örgjörvi - 32GB minni - 8MP myndavél

Fullt verð 94.900 kr.

**Moggaklúbbsverð 69.900 kr.**

Kóði fyrir Nokia Lumia 920 er : MBL920

**emobi**

bara gott verð

**FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á [MBL.IS/ASKRIFT](http://mbl.is/askrift)  
EÐA Í SÍMA 569 1100**



Áskrifendur Morgunblaðsins eru sjálfkrafa meðlimir í Moggaklúbbum og njóta ýmissa fríðinda og tilboða. Hægt er að fylgjast með hvað er í boði hverju sinni á [moggaklubburinn.is](http://moggaklubburinn.is) og fá tilboðin send í tölvupósti með því að skrá sig á póstlistann. Hafðu samband í síma 569 1100 eða [askrift@mbl.is](mailto:askrift@mbl.is) hafi Moggaklúbbskortid ekki borist þér.

# Nýtt!



Nicorette® QuickMist munnholsúði

## HVISS!

- og reykingalöngunin minnkar

Nicorette® QuickMist munnholsúðinn er nýjasta níkótínlyfið frá Nicorette og virkar á 60 sekúndum



### Nicorette® QuickMist

- Úðist í munn við reykingaþörf
- 1 mg níkótín í hverjum úða
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Virkar á 60 sekúndum
- Er með mintubragði
- Hvert úðahylki inniheldur 150 úða
- Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

**nicorette** auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette® QuickMist munnholsúði er níkótínlyf (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fánlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á níkótínfíkn, til að draga úr fráhrarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reyktt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir níkótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan háþrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lífrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtill, æxli í nýrnahettum, magasár eða vélindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reyktt eiga ekki að nota lyfið. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

**nicorette**  
nicotin